

## Fundargerð Skólaráðs Víkurskóla 4. október 2023

**Mættir:** Þuríður Óttarsdóttir, Unnar Jóhannsson, Björg Sigrún Ólafsdóttir, Erna Þórey Jónsdóttir, Jón Bjartur Atlason, Sigríður Þorgeirsdóttir, Margrét Lilja Gunnarsdóttir og Halla Magneudóttir

**Forföll:** Eva Rós Ólafsdóttir, Fjóla Karlsdóttir og Líney Björg Sigurðardóttir

Þuríður hóf fundinn á því að bjóða alla velkomna og allir kynntu sig. Þá var farið fyrir starfsáætlun Skólaráðs sem Þuríður lagði til. Vanalega ritar Vala Nönn deildarstjóri fundargerðina en hún var vant við látin í dag. Óskað var eftir að fundarboð yrðu send á alla fundina sem fyrirhugaðir eru í vetur nú þegar og reynt að minna líka á þá með viku fyrirvara.

Þuríður kynnti helstu áherslur í skólastarfi Víkurskóla 2023-2024 sem eru þróun á breyttum kennsluháttum í stærðfræði – thinking classroom, áframhaldandi þróun í uglum í öllum árgöngum, leiðsagnarnám, uppeldi til ábyrgðar, græn skref, heilsueflandi Víkurskóli og innra mat

Bent var á vefi um verkefni á vegum Reykjavíkurborgar Betri borg fyrir börn <https://reykjavik.is/betri-borg-fyrir-born> og Farsældarlögin, <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/Kynning%20fars%C3%A6ld%20-%20%C3%9ELG%20og%20BS%20X.pdf> en við erum að bíða eftir því að fá kynningarefni frá Rvk um farsældarlögin svo hægt sé að kynna þau bæði starfsfólki og foreldrum.

Rætt var um íþróttakennslu og kom fram hugmynd að fá hugmyndir frá nemendum hvernig við getum breytt og bætt íþróttatímuna í Víkurskóla. Of mikið er um árekstra í íþróttum og keppnisskapið ber suma ofurliði sem bitnar á þátttöku hinna nemendanna. Rætt var um sturtur eftir íþróttir en því hefur ekki verið haldið til streitu í Víkurskóla að nemendur fari í sturtu og verður ekki gert en nemendur hafa samt alltaf val um það, það eru sturtur í boði.

Þuríður fór yfir þær framkvæmdir sem hafa verið gerðar síðan í vor og kom fram fyrirspurn um skápana títt ræddu. Þuríður er enn í samskiptum við borgina með þá og buðu foreldrar fram aðstoð sína í þeim efnum. Þuríður mun ýta á aðila innan borgarinnar vegna þessa máls.

Þuríður fór yfir það sem er fram undan og sagði frá Erasmus+ verkefni sem okkur bauðst að taka þátt í, einnig sagði Þuríður frá Erasmusaðildinni sem Víkurskóli er með.

Undir liðnum önnur mál ræddi Þuríður um Foreldrafélag Víkurskóla sem liggur niðri eftir að síðasti formaður hætti að eiga börn í skólanum. Þuríður bar undir foreldra hvort þeir gætu komið að foreldrafélaginu en flestir vildu láta nægja að vera í skólaráði. Þó ætla fulltrúar að athuga í sínu nærumhverfi hvort einhver vilji starfa með foreldrafélaginu. Starfið felst aðallega í því að innheimta félagsgjöld og ákveða í hvað peningarnir eigi að fara. Lítið er um skemmtanir því félagsmiðstöðin, nemendaráð og viðburðarstjórnun sjá um þær. Foreldrafélagið hefur verið að gefa skólanum ýmsa muni, komið að greiðslu hljóðkerfis á árshátíð nemenda, greitt fyrir fræðslu og þess háttar. Fyrirhugaðir eru góðgerðardagar í lok maí og þar gæti foreldrafélagið komið til aðstoðar.

Fundi var slitið kl. 9:20

Fundarritari var Þuríður Óttarsdóttir